

# Álfhólsskóli

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>		Tílefni fundar	
		Skólaráð	
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
25. október 2017	(08:10 – 9:10)	Skólastjórnaskrifstofa, Hjalla	2
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Hildigunnur	Sigrún B.	2
Boðaðir voru:			
Sigrún Bjarnadóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Hildigunnur Jónsdóttir, Ágústa Magnea Jónsdóttir, Helga Fanney Þorbjarnardóttir, Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir, Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Guðgeir Ingi Steindórsson, Guðmundur Jónsson, Halla Valgeirsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir.			
Mættir voru:			
Sigrún Bjarnadóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Hildigunnur Jónsdóttir, Helga Fanney Þorbjarnardóttir, Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir, Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Guðgeir Ingi Steindórsson, Guðmundur Jónsson, Halla Valgeirsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir.			
Málefni			
Dagskrá:			
<ol style="list-style-type: none"><li>1. Heimasíða Álfhólsskóla</li><li>2. Starfsáætlun Álfhólsskóla og ytra mat</li><li>3. Skólalóð</li><li>4. Önnur mál</li></ol>			

Málefni	Niðurstaða
1. Heimasíða	Ný heimasíða er í vinnslu fyrir Álfhólsskóla og mun hún fara í loftið fljótlega.
2. Starfsáætlun Álfhólsskóla	Starfsáætlun er samþykkt með undirskriftum allra sem voru á þessum skólaráðsfundi.  Í ytra mati á Álfhólsskóla sem framkvæmt var árið 2013 komu fram ýmis tækifæri til umbóta. Nú hefur verið gerð grein fyrir stöðu umbótanna og þær verið samþykktar af Kópavogsbæ án frekari athugasemda. Mennta og menningamálaráðuneytið hefur sent eftirfarandi frá sér: Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og telur að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins.
3. Skólalóð	Breytingar á skólalóð Hjallamegin hafa farið vel af stað og það er mikil gleði úti á leikvelli. Gömlu leiktækin hrundu þegar farið var að hreyfa við þeim og þess vegna var ekki hægt að nýta þau áfram. Það er

## Álfhólsskóli

	<p>ennþá verið að bíða eftir tækjum/íhlutum að utan til að fullklára leiksvæðin og hreystibrautina.</p> <p>Fundur um breytingar á skólalóðinni Digranesmegin er áætlaður í byrjun nóvember. Það þarf að bæta lýsingu á skólalóðinni bæði Hjalla- og Digranesmegin, einnig að laga rennibrautina Digranesmegin við fyrsta tækifæri. Ýmislegt þarf að klára laga í húsnæði Digranesmegin. Meðal annar að klára hægri hlið list- og verkgreinagangsins. Veggur milli eldhús og skákrýmis er verið að laga núna, þar fannst raki. Búið er að laga glugga og þak í neðri álmu þar sem sérdeildin og fjórði bekkur er staðsettur núna. Þar þarf að gera anlitslyftingu innan frá, laga gólfefni o.s.frv..</p>
4. Önnur mál	<p>Nemendur benda á að það þurfi að laga orðalag á skólareglum, sumt sé tvítekið. Nemendur eru búnir að gera tillögur að breytingunum og þær þurfa að fara í skoðun til að fá samþykki.</p> <p>Rætt var um hvernig lýðheilsustyrkurinn verður nýttur. Áherslan er á geðheilbrigði og skoða þarf hvernig þetta verður sett upp fyrir nemendur og foreldra. Nemendur vilja fá upplýsingar um hvernig nemandi á að bregðast við ef hann fær alvarlegar upplýsingar frá vini eins og t.d. sjálfsvíg.</p> <p>Það þarf að klára netfanga lista 10. bekkjar eins fljótt og unnt er.</p>